

Samþykktir fyrir Starfsþróunarsjóð Félags Háskólakennara á Akureyri (SFHA)

1. grein

Heiti

Starfsþróunarsjóður Félags Háskólakennara á Akureyri (SFHA) er starfsræktur á grundvelli bókunar 4 með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara á Akureyri (FHA), sem undirritaður var 16. nóvember 2015.

2. grein

Aðsetur

Aðsetur SFHA er í húsakynnum HA, eða eftir nánara samkomulagi aðila. Kennitala sjóðsins er 561216-0880.

3. grein

Stefna og hlutverk

Markmið SFHA er að stuðla að markvissri starfsþróun félagsmanna svo sem með því að stunda formlegt nám, sækja ráðstefnur/námskeið, sinna rannsóknum og faglegu samstarfi. Enn fremur er það tilgangur sjóðsins að auka möguleika Háskólans á Akureyri á og tengdra stofnanna að gera félagsmönnum kleift að vinna að verkefnum sem fara saman við markmið beggja.

SFHA sinnir hlutverki sínu meðal annars með eftirfarandi:

- Afgreiða umsóknir í sjóðinn í samræmi við úthlutunarreglur.
- Hafa yfirsýn yfir sjóði og fjármuni sem ætlað er að auka möguleika félagsmanna og stofnana til framþróunar í starfi sínu og samhæfa virkni sjóða með sambærilegan tilgang.

4. grein

Styrkir

Rétt til að sækja styrki í sjóðinn hafa félagsmenn Félags Háskólakennara á Akureyri.

Einnig er Háskólanum á Akureyri heimilt að sækja um styrki í sjóðinn. Sömu heimild hafa stofnannir tengdar háskólanum þar sem félagsmenn FHA eru starfsmenn:

Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur.

5. grein

Fjármál og tekjur

Tekjur SFHA eru:

- Framlag til stofnunar sjóðsins, í formi eingreiðslu, sbr. bókun 4 með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FHA, sem undirritaður var 16. nóvember 2015, er sem hér segir:
01.06.2016 kr. 3.000.000
01.06.2017 kr. 3.000.000
- Umsamið gjald sem er hlutfall af launum og er sem hér segir: Frá og með 1. janúar 2018 greiðir launagreiðandi mánaðarlega iðngjald sem nemur 0,7% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðenda sem falla undir 1. grein. Iðngjaldið er greitt mánaðarlega eftir á samkvæmt útreikningi launagreiðenda.
- Stofnfé Félags Háskólakennara á Akureyri kr. 3.000.000
- Vaxtatekjur.
- Sjálfsaflafé.

Kostnaður vegna reksturs sjóðsins greiðist af tekjum hans.

AB
GUO
SLK
SLG

Fjármuni SFHA skal ávaxta á þann hátt sem stjórn telur öruggan á hverjum tíma.

6. grein

Hlutverk og starfshættir stjórnar

Stjórn SFHA er skipuð til tveggja ára tveimur fulltrúum FHA og tveimur fulltrúum Háskólans á Akureyri. Stjórn skiptir með sér verkum.

Hlutverk stjórnar SFHA er að móta og þróa starfsemi sjóðsins í samræmi við markmið hans. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur.

Stjórn skal funda reglulega, halda gerðarbók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Falli atkvæði að jöfnu ræður atkvæði formanns.

Stjórnin skal árlega gera skýrslu um störf sín og senda hana ásamt ársreikningi til FHA með afriti til fjármálaráðuneytisins og Háskólans á Akureyri. Reikningsár SFHA er almannaksárið. Uppsetning ársreikninga og endurskoðun skal gerð af löggiltum endurskoðanda.

7. grein

Framkvæmdastjóri

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFHA. Framkvæmdastjóri stýrir hinu daglega starfi og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn.

8. grein

Samstarf við aðra aðila

SFHA getur átt samstarf við aðra aðila og gert við þá samninga til lengri eða skemri tíma til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins.

9. grein

Breytingar á samþykktum sjóðsins

Samþykktum sjóðsins verður aðeins breytt með samþykki stjórnar SFHA.

10. grein


Slit sjóðsins

Starfsemi SFHA verður einungis slitið með ákvörðun samningsaðila skv. 1. gr. Verði starfsemi sjóðsins lögð niður skal eignum ráðstafað í samræmi við markmið hans.

Akureyri, 12 desember 2017

f.h. Félags háskólakennara á Akureyri,

f.h. Háskólans á Akureyri

Gudmundur Kr. Óskarsson
Audbjørg Bratt


Sigrún Þóra Kristiansdóttir
Sæði, Gunnar Ól.